

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
48. fundur.

**Miðvikudaginn 2. apríl 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 10.00. Mætt á fundinn voru Kristján Jónasson frá KPMG og skoðunarmenn reikninga Húnavatnshrepps Halldór Guðmundsson og Þóra Sverrisdóttir.
Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Þorleifur Ingvarsson ritaði fundargerð.**

Dagskrá:

1. **Ársreikningur Húnavatnshrepps 2007, fyrri umræða.
Kristján Jónasson, endurskoðandi og skoðunarmenn reikninga Húnavatnshrepps mæta á fundinn.**
2. **Málefni Hveravalla.**
3. **Kosning fulltrúa á ársþing SSNV og aðalfund Menningarráðs Norðurlands vestra.**
4. **Önnur mál.**

Björn Magnússon bauð fundarmenn velkomna.
Síðan var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2007, fyrri umræða.

Ársreikningur Húnavatnshrepps 2007 ásamt skýrslu endurskoðanda, lá fyrir fundinum og kynnti Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG reikninginn.
Fór hann yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymi ársins ásamt skýringum þeim tengdum.

Rekstrarhagnaður samstæðu A og B hluta er 31.7 milljónir kr.

Þóra Sverrisdóttir og Halldór Guðmundsson gerði grein fyrir vinnu við skoðun á bókhaldsgögnum og ráðstöfun fjármuna.

Bentu þau á mikinn kostnað vegna fræðslumála svo og vegna reksturs á félagsheimilum.

Töldu þau reikningin réttan og mæltu með því að hann yrði samþykktur.

Eftir töluverðar umræður var samþykkt var að vísa reikningunum til síðari umræðu.

2. Málefni Hveravalla.

Björn Magnússon kynnti að aðalfundur Hveravallafélagsins verður haldinn 17. apríl nk. jafnframt kynnti Björn að hlutur Bjarka Kristjánssonar í félaginu sé til sölu og lagði hann til að Húnavatnshreppur nýtti forkaupsrétt sinn.

Samþykkt var samhljóða að Húnavatnshreppur nýti sér forkaupsrétt að hlut Bjarka Kristjánssonar í Hveravallafélaginu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
48. fundur.

3. Kosning fulltrúa ársþing SSNV og aðalfund Menningarráðs Norðurlands vestra,

Kosningu hlutu sem aðalmenn. Björn Magússon, Jóhanna E Pálmadóttir og Ólöf Birna Björnsdóttir

Til vara. Gróa M Lárusdóttir, Jón Gíslason og Birgir Ingbórsson

4. Önnur mál.

- a) **Kosning í stjórn Bændasjóðs Bólstaðarhlíðarhrepps.**
Kosin voru. Erla Hafsteinsdóttir, Guðríður B Helgadóttir og Sigursteinn Bjarnason
Til vara Tryggvi Jónsson, Jóhanna E Halldórsdóttir og Sigurður Þorkelsson.
- b) **Fundarboð á aðalfundi Veiðfélags Blöndu og Svartár svo og Veiðibótasjóðsins Blendins 12. apríl nk.**
Samþykkt var að Tryggvi Jónsson fari með athvæði Húnavatnshrepps á fundinum.
- c) **Sveitarfundur.**
Samþykkt var að halda sveitarfundi fyrir næstu mánaðarmót.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 12.30

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Birgir Ingbórsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Þorleifur Ingvarsson